


HANDBÓK UM MÓTTÖKU NEMENDA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU Í GRUNNSKÓLA KÓPAVOGS



Skjal sótt af '000000000000' dags: 18.08 2026

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Mál sem huga þarf að í upphafi.....	4
Lögheimili	4
Dvalarleyfi.....	4
Kennitala.....	4
Tryggingar.....	4
Heilbrigðisvottorð.....	4
Fjölmeningarsetur	5
Skólaganga barna flóttafólks frá Úkraínu	5
Ferli móttöku	7
Innritun og móttaka	7
Undirbúningur viðtals.....	7
Varðandi túlka	8
Móttökuviðtal.....	8
Upplýsingar um skólann	8
Upplýsingar til annarra kennara	10
Upplýsingar til nemenda bekkjarins og foreldra	10
Undirbúningur í skólanum.....	11
Góð ráð fyrir fyrsta skóladag nemandans	11
Nám og kennsla	11
Foreldrasamstarf	12
Taka stöðuna	12
Skipulagt frístundastarf	12
Nýr kafli í aðalnámskrá grunnskóla	12
Stöðumat	13
Foreldrasamstarf	14
Menningaráfall	14
Samfélagsaðlögun	15
Móðurmál.....	16
Íslenska sem annað mál	16
Helstu kennsluaðferðir og leiðir í kennslunni.....	17
Ýmsar hagnýtar vefsíður.....	17
Námsefni gefið út af Menntamálastofnun, mms.is.....	18

iPad í kennslu.....	19
Fimm auðveldar hugmyndir sem ganga upp í öllum námsgreinum.....	19
Námsmat og námsmatsaðlögun.....	20
Fylgiskjöl	22

Inngangur

Í lögum og aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um móttöku nemenda. Í 16. gr. laga nr.91/2008 um grunnskóla segir:

- Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.
- Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi, samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.
- Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.
- Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Markmið þessarar handbókar er að veita starfsfólki í grunnskólum Kópavogs upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku og innritun erlendra nemenda. Tilgangurinn er að bæta aðferðir skólanna við móttöku nemenda með íslensku sem annað mál, og gera þær enn skilvirkari, þannig að nýir nemendur og foreldrar þeirra upplifi sig velkomna og örugga í nýjum skóla í nýju umhverfi. Til hóps nemenda með annað móðurmál en íslensku teljast:

- börn sem hafa fæðst erlendis.
- börn sem eiga annað foreldrið eða báða af erlendum uppruna.
- börn sem hafa búið langdvölum erlendis og snúa aftur.

Efnið sem hér fer á eftir var unnið af Guðlaugu Snorradóttur, Donata H. Bukowska í Alþjóðaveri Álfhólsskóla og Heklu Hannibalsdóttur á menntasviði Kópavogsbæjar og hefur verið aðlagð til notkunar fyrir aðrar stofnanir. Helga Hauksdóttir, hjá Fræðslusviði Akureyrarbæjar, veitti góðfúslegt leyfi til að nýta efni sem hún hefur unnið og gefið út á vefnum www.erlendir.akmennt.is

Hafa skal í huga að handbókin er lifandi skjal sem verður uppfært og lagað eftir því sem við lærum og þróum starf okkar áfram. Dagsetning í neðanmáli gefur til kynna hvenær síðasta uppfærsla átti sér stað.

Mál sem huga þarf að í upphafi

Lögheimili

Mikilvægt er að nýir nemendur séu skráðir með lögheimili í Kópavogi. Ef nemandi er ekki með lögheimili í Kópavogi verður að sækja um að lögheimilissveitarfélagið greiði skólagönguna.

Dvalarleyfi

Meginreglan í grunnskólum Kópavogs er að veita nemendum, sem eru innflytjendur, skólavist eins fljótt og auðið er. Ekki er beðið eftir að þeir fái dvalarleyfi, heldur er áhersla lögð á að umsóknarferli sé komið af stað vegna þess. Meðan á umsóknarferli stendur eru nemendur utan þjóðskrár, en skráðir um leið og formlegt dvalarleyfi hefur verið afgreitt.

Ástæða á töfum á leyfisveitingu getur verið sú að foreldrar hafi ekki skilað umbeðnum gögnum til Þjóðskrár, s.s. ljósriti af vegabréfi, forsjárgögnum, staðfestu frumriti af fæðingarvottorði, húsnæðisvottorði eða þýðingu löggiltra skjalapýðenda á erlendum umbeðnum gögnum. Nánari upplýsingar má finna á vef Þjóðskrár, <https://www.skra.is>

Kennitala

Öll börn verða að hafa kennitölu. Til að geta sótt um kennitölu fyrir innflytjendabarn verður annað foreldrið að hafa dvalarleyfi. Framvísa þarf þýddu fæðingarvottorði barnsins í Þjóðskrá, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Foreldri verður að sækja um kennitölu fyrir barnið og vera sjálft með útgefið dvalarleyfi og skráð í Þjóðskrá. Ekki dugar að vera skráður í utangarðsskrá.

Umsókn þarf að fylgja:

- Ljósrit úr vegabréfi barnsins
- Ljósrit af frumriti af fæðingarvottorði barnsins
- Ljósrit af fæðingarvottorði barnsins þýddu á íslensku af löggiltum skjalapýðanda (þarf ekki ef vottorðið er á ensku).

Ef barn er innritað í skólann án íslenskrar kennitölu er hægt að hafa samband við *Infomentor* og gefa upp nafn, afmælisdag, bekk og kyn hjá viðkomandi barni. Starfsmaður *Infomentor* skráir barnið þá inn í mentor og hægt er að vinna með upplýsingar um það líkt og hjá öðrum nemendum. Þegar íslensk kennitala er komin þarf að hafa aftur samband við *Infomentor* og þá flytja þeir gögn sem tengjast gömlu kennitölunni yfir á þá nýju.

Tryggingar

Allir sem fá dvalarleyfi hér á landi þurfa að sýna fram á að þeir hafi einhvers konar sjúkratryggingu. Börn undir 18 ára aldri njóta sömu tryggingar og foreldrar þeirra. Einstaklingar sem geta sýnt E-104 sjúkratryggingarskírteini eru tryggðir í íslenska almannatryggingarkerfinu. Þeir sem ekki eru með E-104 þurfa að bíða í 6 mánuði frá skráningu í Þjóðskrá þar til sjúkratryggingar almannatrygginga taka gildi.

Heilbrigðisvottorð

Þegar erlendir foreldrar sækja um er mikilvægt að tekið sé fram við foreldra að heilbrigðisvottorð og bólusetningavottorð þurfi að fylgja umsókn um skólavist. Samkvæmt verklagsreglum

sóttvarnarlæknis skulu þau börn sem koma til landsins frá eftirtöldum svæðum gangast undir læknisrannsókn vegna sóttnæmra sjúkdóma:

- Mið- og Suður Ameríku, þ.m.t. Mexíkó
- Löndum í Evrópu sem eru utan evrópska efnahagssvæðisins (EES)
- Asíu
- Afríku

Nemendur sem koma frá eftirtöldum ríkjum þurfa hins vegar ekki að framvísa læknisvottorði:

- Löndum innan EES (annarra en Rúmeníu og Búlgaríu)
- Sviss
- Bandaríkjunum
- Kanada
- Ástralíu
- Nýja Sjálandi

Læknisrannsóknin tekur til þeirra smitsjúkdóma sem ógna heilsu manna á hverju því landsvæði sem komið er frá. Börn sem flust hafa til landsins frá svæðum þar sem berklar eru útbreiddir, skal berklaprófa við komuna til landsins í tengslum við dvalarleyfi. Við upphaf skólagöngu þessara barna skal ganga úr skugga um að þau hafi undirgengist læknisrannsókn, þ.m.t. berklapróf.

Hafi það ekki verið gert skal gera slíka læknisrannsókn skv. verklagsreglum um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands, sem gilda frá janúar 2017. Sjá nánar á:

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item31084/Endurskoðaðar%20verklagsreglur-26.01.2017.pdf>

Göngudeild Sóttvorna annast heilbrigðisskoðun innflytjenda og gefur út heilbrigðisvottorð þeim til handa sem sækja um atvinnu- og dvalarleyfi á Íslandi. Hægt er að panta tíma í skoðun í síma 585-1390 alla virka daga frá klukkan 8:30 – 16:00.

Fjölmenningarsetur

Á vefsíðu Fjölmenningarseturs er að finna bæklinga um fyrstu skrefin þegar innflytjendur eru nýkomnir til Íslands, <https://www.mcc.is/is/published-material/>.

Einnig eru þar ýmsar gagnlegar upplýsingar sem hægt er að benda nýkomnum erlendum foreldrum á um íslenska menntakerfið á ýmsum tungumálum, <https://www.mcc.is/is/education/>


Skólaganga barna flóttafólks frá Úkraínu

Hér að neðan er að finna leiðbeiningar frá Stjórnarráði Íslands um það sem þarf að gera til að koma börnum og ungmennum á flótta frá Úkraínu í skóla á Íslandi. Áður en barn eða ungmennti getur hafið skólagöngu þarf það að hafa fengið dvalarleyfi og farið í læknisskoðun.

1. Til að sækja um skólavist fyrir barn í grunnskóla þarf í flestum tilvikum rafræn skilríki.
2. Forsjáraðilar (foreldrar) barna og ungmenna frá Úkraínu sem sækja um dvalarleyfi fá SIM-kort frá Útlendingastofnun fyrir farsímann sinn.
3. Þegar Útlendingastofnun hefur veitt dvalarleyfi fá forsjáraðilar dvalarleyfiskort með kennitölu.

4. Forsjáraðilar fara með farsímann og kennitölu til símafyrirtækisins síns sem tengir nafn og kennitölu þeirra við símanúmerið sem þau hafa fengið. Sótt er um rafæn skilríki á eftirfarandi afgreiðslustöðum. Þegar sækja á um rafrænt skilríki í farsíma þarf að hafa farsímann við höndina og kennitölu auk þess að hafa ökuskírteini eða vegabréf meðferðis.
5. Fylla þarf út eyðublað á vef viðkomandi sveitarfélags um grunnskólavist fyrir barnið þitt. Hafið samband við sveitarfélagið ef þið þurfið aðstoð.
6. Haft er samband við sveitarfélag ef þið hafið ekki fengið svar við umsókn innan tveggja vikna.
7. Forsjáraðilar þurfa að fara með barn sitt í læknisskoðun áður en það getur byrjað í grunnskóla.
8. Sveitarfélagið sendið staðfestingu til forsjáraðila um grunnskólavist. Þar koma fram upplýsingar um næstu skref.

Ferli móttöku



Innritun og móttaka

Ákveðinn er tími fyrir fyrsta móttökuviðtal. Fyrsti fundur fer fram með foreldrum/ forráðamönnum og nemanda ásamt túlki og umsjónarkennara og deildarstjóra/sérkennara. Athugið að móttökuviðtalið er ítarlegt og því mikilvægt að áætla góðan tíma fyrir það. **Prentið út gátlista fyrir móttökuviðtalið sem finna má í fylgiskjali 1.**

Undirbúningur viðtals

- Skólastjórnendur velja umsjónarhóp fyrir nemandann.
- Umsjónarkennara er tilkynnt um væntanlegan nemanda, hvaðan hann er og hvenær móttökuviðtalið fer fram.
- Umsjónarkennarinn undirbýr bekkinn fyrir komu nýs nemanda. Deildarstjóri viðkomandi stigs tilkynnir jafnframt öðrum kennurum um komu nemandans í skólann og í hvaða bekk hann fer.
- Teknar eru saman upplýsingar fyrir viðtal, sjá lista hér fyrir neðan.
Ákveðinn er tími sem foreldrar eru boðaðir ásamt nemanda og túlkur pantaður frá túlkapjónustu t.d.
 - Túlka- og þýðingarmiðstöð Íslands <http://tulkamidstodin.is/>

- Ling túlkaþjónusta <https://ling.is/>
- Alþjóðasetur <https://www.asetur.is/tulkathjonusta>
- Túlkaþjónustan <https://www.pantatulk.is/>

Varðandi túlka

Gott er að vera í samráði við forráðamenn áður en túlkur er pantaður. Þegar túlkur er pantaður þarf að taka fram hvaða tungumál forráðamenn tala, því ekki nægir alltaf að vita upprunaland heldur þarf að vita um móðurmál viðkomandi. Túlkur er bundinn þagnarskyldu við störf sín og er hlutlaus aðili.

Atriði sem gott er að hafa í huga þegar notast er við túlk

- Ávarpaðu og talaðu beint við viðmælanda þinn í fyrstu persónu, ekki túlkinn.
- Mundu að túlkurinn á aðeins að túlka, ekki láta í ljós álit sitt á viðmælanda þínum eða öðrum atriðum viðtalsins.
- Talaðu skýrt og notaðu stuttar setningar.
- Sýndu þolinmæði ef túlkurinn þarf að fá nánari útskýringar á einhverjum atriðum viðtalsins.

Hlutverk túlsins

- Túlkurinn er óháður og tekur ekki afstöðu.
- Túlkurinn á að túlka allt sem sagt er í viðtalinu.
- Túlkurinn hefur ekki leyfi til að koma með sínar eigin skoðanir, ráðleggingar eða athugasemdir og hafa þannig áhrif á viðtalið.
- Túlkur skal ekki láta í ljós álit sitt á þeim aðilum sem túlkað er fyrir.

Móttökuviðtal

- Móttökuviðtalið sitja foreldrar/forráðmenn, nemandi, túlkur og umsjónarkennari ásamt sérkennara/deildarstjóra sem sjá um móttöku barnsins. Ávallt skal kalla til túlk fyrir móttökuviðtal. Mikilvægt er að skyldmenni eða vinir sitji ekki viðtalið sem túlkar. Jafnframt skal kallað á túlk þó annað foreldri nemandans sé íslenskt. Afhent er innritunareyðublað sem foreldrar fylla út með aðstoð túlks. (Sjá fylgiskjal 2)
- Óskað er eftir bakgrunnsupplýsingum um nemandann ef mögulegt er.
- Athuga hvort læknisskoðun hafi farið fram þar sem nemandanum er ekki heimilt að hefja skólagöngu nema að undangenginni læknisskoðun.
- Kynna fyrir nemanda/foreldrum að gerð verði einstaklingsáætlun og sér stundatafla þar sem fram kemur hvenær nemandinn er með bekknum og hvenær hann er í íslenskukennslu, einnig hvaða áherslur eru teknar varðandi íslensku sem annað mál.
- **Ákveðinn er fundartími eftir fjórar til sex vikur fyrir sömu þátttakendur og voru í móttökuviðtali. Þá staða nemandans skoðuð með tilliti til þess hvernig honum líður og hvernig áframhaldið er hugsað hvað varðar kennslutilhögun nemandans.**

Upplýsingar um skólann

Í móttökuviðtali þarf að gefa foreldrum sem bestar upplýsingar um skólann en þó verður að hafa í huga að of mikið upplýsingaflæði skilar sér ekki alltaf. Því er gott að safna upplýsingum um skólann í

möppu til að afhenda foreldrum og fara svo yfir upplýsingarnar saman. Gott er að hafa í huga að bjóða foreldrum blað og penna til að punkta hjá sér ef þau vilja. Gátlista fyrir móttökuviðtal er að finna í fylgiskjali 1 og gott að prenta út og hafa með svo að ekkert gleymist.

Á vefsíðunni fjolmenning.kopavogur.is er að finna efni með upplýsingum fyrir foreldra ensku og pólsku sem hægt er að prenta út. <http://fjolmenning.kopavogur.is/fyrir-foreldra/>

Upplýsingar sem gott er að upplýsa foreldra um og hafa í upplýsingamöppu:

- Skóladagatal skólans
- Stundaskrá nemandans/bekkjarins
 - Fara yfir námsgreinar og uppbyggingu kennslu
 - Ræða frímínútur
 - Ræða nestismál
 - Ræða valgreinar (ef um ungling er að ræða)
 - Ræða íþróttakennslu
 - Ræða sundkennslu – mjög mikilvægt að athuga hvort nemandi sé syndur eða vanur sundlaugum.
- Upplýsingar um byrjendalæsi (ef það er notað í skólanum), bæklinga á nokkrum tungumálum er að finna á <http://fjolmenning.kopavogur.is/grunnskolar/upplýsingar-fyrir-foreldra/>
- Upplýsingar um skólann; símanúmer, stjórnendur, vefsíðu, facebook-síðu, ritara, veikindatilkynningar og leyfisbeiðnir.
- Kynna mentor.is, afhenda lykilorð og kenna foreldrum og nemanda lítillega á kerfið með aðstoð tólks.
- Upplýsingar um agakerfi, skólareglur og mætingareglur.
- Matseðill fyrir einn mánuð, gott að fara yfir með foreldrum svo þeir sjái hvernig matseðillinn er samsettur.
 - Skráning í mötuneyti og frístund fer fram í Þjónustugátt, ef foreldrar/nemandi eru ekki með íslenska kennitölu þarf að skrá þau sérstaklega og senda upplýsingar til rekstrarsviðs bæjarins og halda utan um í skólanum.
- Upplýsingar um grunnskóla Kópavogs á ensku og pólsku má finna á <http://fjolmenning.kopavogur.is/fyrir-foreldra/>
- Upplýsingar um spjaldtölvuverkefnið – handbækur fyrir foreldra er að finna á ensku og pólsku á vefsíðu verkefnisins: <http://spjaldtolvur.kopavogur.is/leidbeiningar/leidbeiningar-foreldrar/>
- Frístundastyrki ætti að kynna fyrir foreldrum því mikilvægt er að foreldrar viti af niðurgreiðslu til nemenda til að stunda íþróttir og aðrar tómstundir. Lista yfir íþróttafélög í Kópavogi og upplýsingar um frístundastyrk á ensku og pólsku er að finna á <https://fjolmenning.kopavogur.is/ithrottafelog/> og ítarlegri lista yfir íþróttafélög má finna á <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ithrottir-utivist/ithrottafelog>
- Rétt er að upplýsa foreldra um að þeir séu velkomnir í skólann hvenær sem er og geti hringt í kennara og stjórnendur ef spurningar vakna varðandi skólagönguna. Eins er gott að að segja nemendum að þeir megi hringja í foreldra sína úr skólanum hvenær sem er ef þeim líður ekki vel eða geta ekki talað við neinn í skólanum. Þá er í sumum tilfellum gott að hafa í huga að bjóða foreldrum að vera með börnum sínum fyrstu skóladagana ef svo ber undir.

- Ef nemandinn er í 7. bekk eða eldri er nauðsynlegt að ræða dönskunám eða undanþágu frá því. Athugið að ef nemendur taka ekki dönsku í grunnskóla þarf að huga að því varðandi framhaldsskóla. (Sjá fylgiskjal 3 um undanþágu frá tungumálanámi)

Í aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) segir:

Framhaldsskólar skulu koma til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með íslensku-kennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu, liðsinni við heimanám, jafningjastuðningi og öðrum þeim ráðum sem að gagni mega koma. Hver skóli skal setja sér móttökuáætlun þar sem fram koma helstu atriði um skólastarfið á máli sem nemendur og forráðamenn ólöggráða nemenda geta skilið. Í móttökuáætlun felst að gerð sé einstaklingsnámskrá sem taki mið af bakgrunni og tungumálafærni viðkomandi, að þróa námsaðferðir til að mæta viðkomandi nemanda, að skipuleggja samráð nemenda og starfsmanna skólans og upplýsa með skýrum hætti hvaða stuðning skólinn veitir til dæmis við heimanám og túlkun. Sérstaklega skal huga að þeim nemendum sem íslenskir eru en hafa dvalið langdvölum erlendis. Margir þeirra þurfa á hliðstæðri aðstoð að halda og nemendur af erlendum uppruna. Framhaldsskóla er heimilt að meta móðurmál nemenda til eininga í frjálssu vali eða til eininga í stað annars erlends tungumáls.

Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein óski þeir þess. Framhaldsskóli getur boðið upp á slíkt nám í staðnámi eða fjarnámi eða metið nám sem stundað er annars staðar. Viðkomandi framhaldsskóli þarf þá að veita samþykki fyrir náminu óski nemandi eftir að fá slíkt nám metið til eininga. Framhaldsskóli er ekki ábyrgur fyrir náminu en getur verið tengiliður, t.d. við gagnasöfn, bókasöfn, félög og annað það sem veitir nemendum aðgang að kennslu í eigin móðurmáli. Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku, eiga rétt á kennslu í íslensku. Sama gildir um heyrnarskerta nemendur. Nemendur, sem hafa dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri, geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál. Nemendur, sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla, geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn. (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2011, bls. 58-59).

Upplýsingar til annarra kennara

Eftir móttökuviðtal er mjög mikilvægt að umsjónarkennari upplýsi alla þá kennara sem koma til með að kenna nýja nemandanum um allt það sem skiptir máli, s.s. námserfiðleika, menningarlegan bakgrunn og fleira sem máli skiptir. Sundkennarar þurfa t.d. að vita hvort nemandinn sé ósyndur eða vatnshræddur.

Upplýsingar til nemenda bekkjarins og foreldra

Mikilvægt er að umsjónarkennari bekkjarins undirbúi komu erlenda nemandans og upplýsi jafnframt foreldra. Vel hefur gefist að fá ábyrga nemendur til að vera skólavinir nýja nemandans fyrst um sinn. Markmið Skólavina-verkefnis er að fá nemendur skólans í lið með sér til að taka vel á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Skólavinur er nemandi sem ber sérstaka ábyrgð á að taka vel á móti nýkomnum nemanda og styðja vel við hann fyrstu dagana í skólanum. Allir í skólanum bera ábyrgð á að taka vel á móti nýja nemandanum en skólavinur hefur mikilvæg verkefni. Það getur t.d. verið að sýna nýja nemandanum skólann (klósett, matsal, list- og verkgreinastofur, íþróttahús, rútur o.s.frv.), fylgja honum eftir í frímínútum og kynna hann sérstaklega fyrir öðrum kennurum sem kenna bekknum og öðrum nemendum skólans. Í einhverjum tilfellum er hægt að dreifa þessari ábyrgð á milli nokkurra nemenda. Mikilvægt er að útskýra vel fyrir nemendum sem taka þetta

verkefni að sér hversu mikilvægt það er að vel sé tekið á móti nýjum nemanda sem er e.t.v. í einhverjum tilfellum að koma í nýtt málumhverfi og upplifa nýja skólamenningu.

Í bæklingnum **Skólavinur**, sem finna má í fylgiskjali 6, er að finna nánari upplýsingar um útfærslu og leiðbeiningar til nemenda sem taka að sér að vera Skólavinur.

Gott er að nýta haustfund með foreldrum, eða nota tölvupóst ef sá fundur er liðinn, og athuga hvort einhverjir foreldrar í bekknum hefðu áhuga á að vera **vinaforeldrar** erlendra foreldra í bekknum og aðstoða þá við að lesa skilaboð frá skólanum, segja þeim frá viðburðum á vegum foreldranna o.fl. Þá væri hægt að bjóða erlendum fjölskyldum slík tengsl ef þær hefðu hug á því. Gott er að nota móttökuverkfærið *Velkomin* þegar nýr erlendur nemandi kemur í bekkinn:

<http://tungumalatorg.is/velkomin/>

Undirbúningur í skólanum

Mjög mikilvægt er að sýna fjölbreytileika nemendahópsins í skólastofunni og skólanum. Þannig sýnum við tungumáli og menningu erlendu nemendanna okkar áhuga og jákvæðni. Það er til dæmis hægt að gera með því að hengja upp kveðjur á öllum tungumálum sem töluð eru í skólanum, merkja hluti í umhverfinu á öllum tungumálum. Hengja upp þjóðfána allra nemenda og merkja löndin sem nemendur okkar koma frá inn á heimskort. Hugmyndir að orðalistum gæti t.d. verið vikudagarnir, mánuðirnir, tölur, litir, ávextir, matur, íþróttir og svo mætti lengi telja. Á vefsíðunni

<http://fjolmenning.kopavogur.is/grunnskolar/sjonraent-efni/> er að finna ýmislegt sem hægt er að nýta sér til að prenta út og hengja upp í skólanum.

Góð ráð fyrir fyrsta skóladag nemandans

Sem umsjónarkennari getur þú

- Skrifað Velkomin/n X á plakat á íslensku og móðurmáli nemandans og hengt á hurðina á stofunni.
- Verið búin/n að skipuleggja skólavina-verkefni og útskýra fyrir nemendum hvað það þýðir.
- Undirbúið verkefni sem nemendur vinna, sem fjalla um eitthvað sem stendur nýja nemandanum nærri, t.d. landafræðiverkefni um heimaland nemandans, orðaforða-verkefni eða orðalista um algeng orð í umhverfinu á íslensku og móðurmáli nemandans, jafnvel með myndum.
- Séð til þess að nemendur og kennarar þekki nafn nýja nemandans og geti borið það rétt fram.
- Verið búin/n að undirbúa stofuna, borð og stóll, bækur og önnur gögn sem nýtast nemandanum.
- Valið sæti framarlega í stofu svo auðveldara sé að aðstoða nemandann og einnig svo hann sjái og heyri vel í kennaranum.
- Sett nafnaskilti á öll borð svo að nýi nemandinn eigi auðveldara með að læra nöfn bekkjarfélaganna. Hafa skiltin sýnileg fyrstu dagana.
- Útbúið orðalista og skýringarmyndir sem hjálpa nýja nemandanum að aðlagast nýju umhverfi.

Nám og kennsla

Þar sem nemendur með annað móðurmál en íslensku er afar fjölbreyttur hópur eru námsþarfir þeirra að sama skapi mismunandi. Mikilvægt er að meta stöðu nemenda þegar þeir hefja nám í nýjum skóla og miða námsáætlun við hana. Nemendur með íslensku sem annað mál þurfa að fá skipulagðan stuðning í skólagöngu sinni og við upphaf hennar er nauðsynlegt að skólinn taki vel á móti þeim og tryggi að námið fari vel af stað. Skipuleggja þarf nám nýrra nemenda í samræmi við mat á námsstöðu.

Gera þarf ráð fyrir stuðningi og einstaklingsáætlunum fyrir nemendur í öllum námsgreinum þar til viðeigandi hæfnistigi er náð í tungumálinu. Umfram allt ber að hvetja nemendur til dáða, að þeir setji sér há markmið og séu meðvitaðir um hvernig þeim skuli náð.

Foreldrasamstarf

Áhersla er lögð á að hafa mikið og gott samstarf við foreldra og eru þeir hvattir til að heimsækja skólann eins oft og þeir óska. Oft eru foreldrar yngri nemendanna daglega í heimsókn þar sem þeir eru þá að sækja nemendur í skólann og geta rætt við kennara um stöðu mála ef þeir óska svo.

Taka stöðuna

Þegar nemandinn hefur verið í bekknum í ákveðinn tíma, t.d. 4 – 5 vikur er gott að umsjónarkennari taki stöðuna á náminu og líðan nemandans og upplifun í nýjum skóla og boði nemanda og foreldra í viðtal. Það samtal þarf að sníða að hverjum og einum en til er eyðublað sem nýta má fyrir þetta tilefni, (Sjá fylgiskjal 3 Móttaka nemenda með annað tungumál – eftirfylgniviðtal). Í þessu viðtali er upplagt að fara aftur yfir möguleika til frístunda og kynna frístundastyrk Kópavogsbæjar.

Skipulagt frístundastarf

Félagsmiðstöðvar Kópavogs (5.-10.bekkur) starfa undir frístundadeild sem tilheyrir menntasviði Kópavogsbæjar. Við grunnskólana í Kópavogi eru starfandi 9 félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglinga á aldrinum 10 – 16 ára. Hlutverk félagsmiðstöðva er að bjóða upp á markvisst tómstunda- og forvarnarstarf undir handleiðslu hæfra starfsmanna. Börnum og unglingum býðst frístundapjónusta þar sem lögð er áhersla á lýðræði, virka þátttöku, uppbyggingu sjálfsmyndar, ánægju og gleði.

Áherslur í starfinu:

- Stuðla að virkni og félagslegri þátttöku barna og ungmenna í frístundum
- Þjálfa börn og unglinga í samskiptafærni, félagsfærni og sjálfstæði
- Unnið er með lýðræði, mannréttindi og þátttöku
- Að skapa vettvang þar sem ungt fólk hittist og fær tækifæri til þátttöku í öflugri frístundastarfi á jafningjagrundvelli og upplifi öryggi og vellíðan

Á eftirfarandi slóð má finna sameiginlega heimasíðu félagsmiðstöðva barna og unglinga í Kópavogi og almennar upplýsingar um opnunartíma, dagskrá og starfsfólk: <http://felagsmidstodvar.kopavogur.is/>

Nýr kafli í aðalnámskrá grunnskóla

Haustið 2021 var gerð uppfærsla á aðalnámskrá grunnskóla á kafla 19.3 sem fjallar um íslensku sem annað mál. Þar kemur eftirfarandi fram (feitletrun er frá höfundu):

„Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eru að ná tökum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Markmið með kennslunni eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu. **Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár. Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum.**

Ábyrgð á íslenskunáminu hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum og kennurum allra námssviða sem þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst. Eins er brýnt að allt starfsfólk sem kemur að námi eða frístundastarfi nemendanna sé upplýst um hæfni þeirra í íslensku og taki þátt í að

styðja við námið. Foreldrar bera ábyrgð á að styðja við íslenskunám barna sinna og að rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku fjöltyngi.“

Kaflinn 19.3 um íslensku sem annað mál er mun ítarlegri og skýrari en kaflinn sem fyrir var. Stjórnendur og kennarar eru hvattir til að kynna sér efni kaflans vel til að koma sem best til móts við nemendur með íslensku sem annað mál á <https://adalnamskra.is>. Stefnan er sú að síðan verði lifandi plagg með ýmsum verkfærum sem nýtast kennurum.

Í aðalnámskrá segir enn fremur:

„Hópur nemenda sem stundar nám í íslenskum skólum og lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur. Ýmislegt getur haft áhrif á íslenskunámið sem nauðsynlegt er að taka mið af: Bakgrunnur hópsins er ólíkur, móðurmál eru mismunandi og reynsla af fyrri skólagöngu mismikil. Menningarbakgrunnur nemendanna er fjölbreyttur og hver einstaklingur hefur sinn sérstaka persónuleika, áhugasvið, þekkingu og námsgetu. Aðrir þættir sem geta skipt máli eru tilfinningaleg líðan, stuðningur heimilis, væntingar, áhugavöt og hversu mikið nemandi leggur sig fram.

Kanna skal námslega stöðu nemenda meðal annars á sterkasta tungumáli hans. Námsáætlun nemandans byggir á því mati að höfðu samráði við foreldra. Nemendur sem hafa náð færni í móðurmáli og öðrum tungumálum skulu hvattir og þeim gefin tækifæri til að tengja málin við íslensku og byggja á hæfni sem þeir hafa öðlast í gegnum önnur tungumál, bæði færni og þekkingu.“

Jafnframt eru settir fram þrepaskiptir hæfnirammur sem skipt er upp í 4 stig sem byggja á hæfni nemandans í íslensku, óháð aldri. Hæfniviðmið við lok 10.bekkjar hafa einnig verið sett fram fyrir þá nemendur sem ekki eru komnir það langt í íslenskunáminu sínu að hægt sé að meta þá eftir aldurstengdum viðmiðum. Hæfniviðmiðin koma fram í kafla 19.4.

Að auki voru gerðar breytingar á almennum hluta aðalnámskrár en þar eru komnir 3 nýir undirkaflar í 7. kafla, um nám og kennslu.

- **Kaflí 7.12 Menningarlæsi.** Hér er ítrekað að menningarlæsi þarf að kynna fyrir og kenna öllum grunnskólabörnum, ekki síst í ljósi þess að allir eiga að njóta sömu réttinda og að allt nám á að byggja á samvinnu, jöfnuði og lýðræði.
- **Kaflí 7.13 Móttaka nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.** Hér er fjallað um mikilvægi þess að vel sé staðið að móttöku nemenda með íslensku sem annað mál og foreldrum þeirra inn í íslenskt skólakerfi, að bakgrunni þeirra, fyrri þekkingu og styrkleikum sé gert hátt undir höfði. Auk þess að stöðumat sé lagt fyrir erlenda nemendur við upphaf grunnskólagöngu í íslenskum grunnskólum.
- **Kaflí 7.14 Fjöltyngi.** Í þessum kafla er fjallað um auðlindina sem er að finna í tungumálinu og mikilvægi þess að viðhalda virku fjöltyngi, jafnt fyrir barnið, foreldra barnsins og samfélagið í heild. Jafnframt er fjallað um mikilvægi þess að skólar og frístundaheimili setji sér tungumálastefnu.

Stöðumat

Menntamálastofnun gaf árið 2021 út Stöðumat sem er þýtt og staðfært úr sænsku til að meta námslega stöðu nýkominna erlendra nemenda. Markmiðið með Stöðumatinu er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna þannig að skólinn geti undirbúið og lagað kennsluna að þörfum nemandans og þekkingargrunni hans.

Mat skóla snýst um að safna upplýsingum um þekkingu nemandans og túlka þær út frá markmiðum matsins. Algengasta form námsmats er að skólinn meti þekkingu nemandans í ólíkum aðstæðum í gegnum skólagöngu hans. Stöðumatið lýsir grunnþekkingu nemandans og liggur til grundvallar skipulagi kennslunnar og einstaklingsíhlutunar. Í efninu eru hugtökin námsmat (mat) og stöðumat notuð jöfnum höndum.

Stöðumat á þekkingu nemandans, aldri og persónulegum aðstæðum veitir skólanum grunn fyrir ákvarðanatöku skólastjóra um hvaða námshópi nemandinn á að tilheyra

Nánari upplýsingar um stöðumatið er að finna á vefsíðu Menntamálastofnunar, <https://mms.is/stodumat-fyrir-erlenda-nemendur>

Foreldrasamstarf

Virk þátttaka foreldra í skólastarfinu auðveldar gagnkvæma aðlögun allra sem að skólastarfinu koma. Farsæl leið til að erlendir foreldrar verði þátttakendur í foreldrahópnum er að veita þeim skipulega upplýsingar um samstarf foreldra, þátt þeirra í skólasamfélaginu og réttindi barna þeirra sem nemenda og barna. E.t.v er hægt að tengja saman fjölskyldur í gegnum vinaverkefni sem skólinn setur af stað þegar nýr nemandi hefur skólagöngu. Upplýsingar um skólastarf í grunnskólum Kópavogs er að finna á ensku og pólsku á <https://fjolmenning.kopavogur.is/fyrir-foreldra/>

Mikilvægt er að foreldrar séu reglulega upplýstir um námslega stöðu barna sinna og um leiðir til að aðstoða börn sín í námi ef þarf.

Rétt er að leita fjölbreyttra leiða til að ná til foreldra barna með annað móðurmál en íslensku. Hverskonar kynning og aðgangur að umhverfinu, þjónustu bókasafnanna í bænum, viðburðum, hefðum og skemmtunum dregur úr hættu á því að erlendum íbúum finnist þau utanveltu og afskipt. Til dæmis væri hægt að bjóða upp á opið hús stöku sinnu, eða einu sinni í mánuði þar sem þessum foreldrum er boðið að líta inn í óformlegt spjall og kaffi eða tesopa, skoða verkefni nemenda og fræðast. Svona óformlegir viðburðir gætu brotið ísinn fyrir marga sem koma frá menningarheimum þar sem skólasamfélagið er lokaðra. Samstarf við bókasöfn og aðrar menningarstofnanir eru líka góður kostur. Þá mætti bjóða uppá námskeið og jafnvel fá foreldrana til að halda slíkt sjálf.

Leiðir til að ná til erlendra foreldra geta verið með ýmsum hætti t.d. hefur gefist vel halda úti Facebook síðu sem er þægileg leið til að leyfa foreldrum að fylgjast með skólagöngu barna sinna og bjóða upp á samræður. Stofnuð hefur verið facebook-síðan *International Parents in Kópavogur / Międzynarodowi rodzice w Kópavogur* <https://www.facebook.com/groups/359580684467741/> sem gott er að benda foreldrum á. Þar birtast upplýsingar á ensku og pólsku um ýmislegt er viðkemur leik- og grunnskólum og frístundum.

Menningaráfall

Mikið áfall getur fylgt því að flytjast á milli landa og menningarheima. Því fylgir streita þar sem fólk veit ekki hvernig það á að hegða sér í nýju landi. Það þarf að takast á við nýjar aðstæður og getur ekki nýtt sér þekkingu sína. Mikilvægt er að allir aðilar innan skólanna skilji eðli menningaráfalls svo þeir bregðist rétt við. Mikið tilfinningalegt uppnám við flutninga getur verið nemendum óbærilegt. Það er erfitt að vera í framandi landi og kunna ekki málið, nemendur upplifa einnig vanmátt foreldra sinna til að aðstoða þá.

Í nýju landi eru samskiptareglur oft ólíkar því sem þau eiga að venjast og verða nemendur ráðvilltir vegna þess sem kemur þeim fyrir sjónir í íslenskum grunnskólum. Þess vegna er mikilvægt að koma góðum upplýsingum um skólann, skólakerfið og samskiptahætti innan skólans til nemenda og foreldra strax í fyrsta viðtali. Starfsfólk skólans þarf að sýna mikinn skilning og þolinmæði og gefa sér tíma til að útskýra einfalda hluti. Víða erlendis tíðkast ekki að fara út í frímínútur eins og hérlandis. Sama má segja um skólaíþróttir og þá reglu að fara í sturtu. Það að fara í sturtu fyrir og eftir sund getur valdið miklum vanda auk þess að flestir nemendur sem flytjast til landsins hafa ekki fengið markvissa kennslu í sundi. Þá þarf skólinn að vera í góðum samskiptum við foreldra svo útskýra megja eða finna lausn á vandanum svo allir aðilar verði sáttir.

Menningaráfall hefur verið greint í fimm stig:

- Fyrsta stigið sem oft er kallað hveitibrauðsdagar einkennist af spennandi tíma og væntingum til nýja landsins.
- Annað stigið er hið raunverulega áfall. Það einkennist af almennri vanlíðan, kjarkmissi og brotinni sjálfsmynd. Þá sýnir fólk gjarnan fjandsamlega afstöðu gagnvart gestgjafalandinu.
- Þriðja stigið einkennist af því að fólk hellir sér í nýja lífnaðarhætti. Samskipti við innfædda nást og þekking á nýrri menningu eykst.
- Fjórdi stigið er einskonar lokastig aðlögunarinnar. Einkennist þetta stig af aðlögun og fullri þátttöku í nýju samfélagi.
- Fimmta stigið hefur örlítið aðra hlið. Það fylgir því ef fólk flytur aftur til heimalands síns. Það getur kallað fram annarskonar menningaráfall eða endurkomuáfall sem er afleiðing af því að viðkomandi hefur verið lengi í burtu frá heimalandi sínu.

Auk alls ofangreinds eru erlendar fjölskyldur oft án náinna ættinga og vina. Það stuðningsnet sem flestir eru vanir er ekki lengur til staðar.

Samfélagsaðlögun

Gagnkvæm aðlögun byggir á því að aðlaga fjölskyldur innflytjenda að samfélaginu og gera þá að virkum einstaklingum. Með þátttöku foreldra af erlendum uppruna í foreldrastarfi grunnskólanna má opna hug allra aðila sem að skólastarfinu koma. Bæði upplýsa erlendu foreldrana um skólastarfið og réttindi barna sem og upplýsa aðra um stöðu innflytjenda.

Mikið og gott tómstundastarf er í boði í Kópavogi, bæði hjá Íþróttafélaginu, Tónlistarskóla, Myndlistarskóla og Skólahljómsveit Kópavogs en einnig er vel skipulagt félagsstarf fyrir börn og ungmenni á vegum félagsmiðstöðva skólanna. Jafnframt er Rauði Krossinn virkur í tómstundastarfi nemenda af erlendum uppruna. Mikilvægt er að nemendum sé kynnt það starf sem í boði er. Með þátttöku í tómstunda- og félagsstarfi ná nemendur að eignast vini utan skólans og aðlagast fyrr að samfélaginu.

Gott er að kennari nemenda í íslensku sem öðru tungumáli kynni sér framboðið og hvar áhugasvið nemenda liggur. Einnig þarf að kynna unglingum það félagstarf sem fer fram bæði í skólanum og í félagsmiðstöðinni.

Móðurmál

Mikilvægt er að nemendur viðhaldi móðurmáli sínu. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum skólum. Þeir koma í skólann með mismikla undirstöðu í sínu eigin móðurmáli, læsi og námi og eru misjafnlega í stakk búnir til að takast á við almennt nám svo og íslensku sem annað mál.

Með móðurmálskennslu er verið að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku. Málumhverfi barns hefur mikil áhrif á máltöku, hvort sem um er að ræða móðurmál eða seinna mál. Traust undirstaða í móðurmáli getur verið forsenda færni í seinni málum.

Gott vald á eigin móðurmáli er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sé nýja tungumálið af öryggi. Foreldrar eru hvattir til að vinna með barninu á móðurmáli sínu og kenna barninu að lesa á því m.a. með því að afla lestrarbóka, myndbanda og tónlistar svo eitthvað sé nefnt.

Móðurmál og brúarsmíði í hnotskurn:

- Barn sem elst upp við tvö tungumál lærir fljótt talmál meirihlutans
- Tungumálið sjálf er grundvöllur gerða og hugsana (Vygotsky, Dewey)
- Tungumál, menning og nám eru órjúfanlega tengd
- Öll börn hafa rétt til að fá að læra og viðhalda móðurmáli sínu
- Móðurmálið er grundvöllur frekara náms hugsana og félagsmótunar
- Mikilvægt að nemendur geti tjáð sig á sínu móðurmáli
- Tvítyngdir kennarar
- Kennsla í nýja málinu og á móðurmálinu
- Samþætting og yfirfærsla

Á vef Tungumálatorgs er að finna einfalda bæklinga á mörgum tungumálum um mikilvægi heimatungumáls, http://tungumalatorg.is/laesiallramal/?avada_portfolio=mikilvaegi-heimatungumals

Á eftirfarandi slóð **Móðurmáls, samtaka um tvítyngi** er að finna upplýsingar um þá móðurmálsskóla sem eru starfandi hverju sinni: <http://www.modurmal.com/groups/>

Íslenska sem annað mál

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál. Þeir hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli, læsi og námi og eru því misjafnlega undirbúnir að takast á við nýtt tungumál í nýju og framandi umhverfi. Þeir hafa einnig verið mislengi á Íslandi og fengið ólík tækifæri til að kynnast íslenskri tungu. Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er því ekki einungis tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfar nemendur í íslensku máli sem og menningarfærni og með því stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Þau fela í sér að nýja tungumálið er lykillinn að íslensku samfélagi, og verði þannig brúarsmíði sem tengir saman samfélagið, íslenskt skólastarf, íslenskt atvinnuumhverfi og brúi þar af leiðandi ólíka menningarheima.

Helstu kennsluaðferðir og leiðir í kennslunni

Allir starfsmenn skólanna eru mikilvægir í kennslu í íslensku sem öðru máli, hvort heldur sem er umsjónarkennarar, sérkennarar, íþróttakennarar eða list- og verkgreinakennarar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar, starfsmenn frístunda og félagsmiðstöðva eða stjórnendur. Leggja þarf áherslu á að kenna orðaforða allra námsgreina til að allir nemendur geti tileinkað sér námsefnið sem best. Mikilvægt er að fjölbreyttum aðferðum í tungumálakennslu sé beitt við kennslu í íslensku sem öðru máli. Með því er sem best komið til móts við fjölbreyttan nemendahóp færni þeirra og getu. Til dæmis má nefna einstaklings- og paravinnu, leiki, hópvinu, vettvangsferðir, iPad notkun, vendikennslu o.fl. Hafa þarf í huga að leggja þarf sérstaklega inn framburðarhátt íslenska hljóðkerfisins fyrir nemendur svo þeir nái að bera íslensku málhljóðin rétt fram.

Mælt er sérstaklega með námsefni sem er myndrænt en sem jafnframt hæfir aldri viðkomandi. Myndræn tenging við texta og námsefni er mikilvæg til að byggja upp orðaforða og hjálpa nemendum að skilja það námsefni sem þau eru að vinna með.

Á vefsíðunni <http://fjolmenning.kopavogur.is/grunnskolar/sjonraent-efni/> er að finna ýmislegt sjónrænt efni sem hægt er að nýta sér.

- Á bókasafni Kópavogs er hægt að finna bækur á ensku
- Pólski skólinn, Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík, s: 822-0925, 822-2466, þar er bókasafn með pólskar bækur fyrir nemendur, hver sem er getur komið og fengið lánaðar bækur.
- **Fjölmenningarlegar kennsluaðferðir og námsumhverfi á 21. öld.** – Handbók fyrir grunn- og framhaldsskólakennara. Lokaverkefni til M.Ed gráðu í menntunarfræði, Ingibjörg Kr. Ferdinandsdóttir
http://skemman.is/stream/get/1946/4003/9921/2/handbok_5juni_pdf_fixed.pdf

Ýmsar hagnýtar vefsíður

- Á **vefsíðu Reykjavíkurborgar** er að finna orðalista og ýmsar hagnýtar tilkynningar til foreldra á ýmsum tungumálum: <http://reykjavik.is/skilabod-fra-skola-0>
- **Tungumálatorg:** <http://tungumalatorg.is/velkomin/>
- **Fjölmenningarsetur:** <http://www.mcc.is/islenska/laera-islensku/namsefni>
- Inni á **vef skólaskrifstofu Akureyrar** er að finna mikið af hagnýtu efni: <http://erlendir.akmennt.is/>
- **Leikur að íslenskum orðum** – hentar öllum byrjendum http://vefir.mms.is/lao_is/
- **Torg Kópavogsbæjar með safni af alls kyns efni fyrir kennara í Kópavogi**
- **Orðasjóður** <http://vefir.mms.is/ordasjodur/index.htm>
- <http://www.ismennt.is/not/thorri/aframislenska.htm>
- **Íslenska fyrir alla 1, 2, 3 og 4:** <http://tungumalatorg.is/ifa/>
- „**Viltu læra íslensku?**“ - Sjónvarpsþættir og æfingar: http://tungumalatorg.is/viltu_laera_islensku/
- <http://paxel123.com/is/> hentar vel fyrir yngstu nemendur og byrjendur
- **Fræðsluskot** eru aðferðir eða hagnýt verkfæri fyrir alla kennara sem starfa í fjölmenningarlegu kennsluumhverfi. - <http://fraedsluskot.wixsite.com/heim>
- **Tungumál er gjöf** – vefur fyrir leikskólakennara <http://www.tungumalergjof.com>

- **Allir með en enginn eins – fjölmenning í leikskóla** <http://reykjavik.is/allir-med>
- **Einn leikskóli – mörg tungumál.** Leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli - http://reykjavik.is/sites/default/files/einn_leisk_li_moerg_tungum_l_skr_ning_framfoerum.pdf
- **Verkefni af leikskólanum Krílakoti á Dalvík til að efla foreldrasamskipti** <https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/verkefni/soguskjodur>
- **Gæðum orðin lífi:** hvernig hjálpum við nemendum að tileinka sér orðaforða námsgreina http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Gaedum_ordin_lifi.pdf
- **Vertu með!** Vefur Ungmennasambands Íslands sem miðar að þátttöku allra barna í íþróttir https://www.umfi.is/minar-sidur/komdu-og-vertu-med/?fbclid=IwAR1uFR2bgJrAig7mWGqOU0U0tMliu7IMm_plcovilRH1eCEOvdlgBUIhAol

Námsefni gefið út af Menntamálastofnun, mms.is

Íslenski málhljóðakassinn – efni sem nota má með nemendum á öllum skólastigum til að kenna og leiðrétta framburð, þjálfu hlustun og hljóðgreiningu, efla orðaforða og hugtakanotkun og undirbúa lestur og ritun.

Orðaforðalisti – pdf - Orðaforðalistinn er hugsaður sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra til að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna. Orðasafnið er ekki hugsað sem matstæki, skimun eða próf. Efninu fylgir einnig hugmyndabanki, myndir og kynningarmyndband.

Kæra dagbók 1 og 2 – Nemendabók, kennsluleiðbeiningar og hljóðbók. Efni samið fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Það er einkum miðað við nemendur á aldrinum 8-11 ára sem eru læsir á sínu móðurmáli en hafa litla eða enga kunnáttu í íslensku. Getur einnig nýst bæði yngri og eldri nemendum.

Orðasjóður - Tilgangur þess er að þjálfu hlustun og talað mál ásamt því að byggja upp orðaforða daglegs lífs. Í ljós kom að efnið nýtist ekki síður í málörvun nemenda með annað móðurmál en íslensku og íslenskra barna með seinan málþroska.

Hitt og þetta – pdf - Þessi bók er einkum ætluð nemendum á unglingastigi sem eru með annað móðurmál en íslensku en hafa náð nokkurri færni í íslensku máli. Einnig er hægt að hala niður hljóðbók með efninu.

Málfræðibókin mín (3. hefti) er samin fyrir börn með annað móðurmál en íslensku sem hafa náð allgóðri færni í íslensku máli. Er einkum ætluð nemendum á mið- og unglingastigi.

Krakkavefur mms.is <https://mms.is/krakkavefir> - Leikur að íslenskum orðum, Stafaleikir Bínu, Stafaleikir Búa, Stafaplánetur, Samhljóðar í himingeimnum, Lestur er leikur – Gott að nýta þessa vefi í byrjendakennslu.

Fyrir lengra komna: Lesþjálf, Lesum og skoðum orð í Lestrarlandinu, Eldgrímur – vefur, <https://mms.is/unglingavefir> Skólablaðið, Æfum íslensku.

Orðalistar í stærðfræði – 4., 7. og 10. bekkur - <https://mms.is/ordalistar-i-staerdfaedi-4-og-7-bekkur-concepts-mathematics>

Mikilvægi heimatungumáls: Einfaldir bæklingar um mikilvægi heimatungumálsins (e. home language), sem er það tungumál sem barnið heyrir talað heima hjá sér. Þessir bæklingar eru til á ótal tungumálum: http://tungumalatorg.is/laesiallramal/?avada_portfolio=mikilvaegi-heimatungumals

iPad í kennslu

iPad er frábært hjálpartæki í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Nemendur hafa iPad við höndina í öllum námsgreinum og geta flett upp orðum í rafrænum orðabókum, fundið lesefni um fyrirframgefið efni á sínu móðurmáli og unnið og skilað verkefnum á fjölbreyttan hátt.

Fimm auðveldar hugmyndir sem ganga upp í öllum námsgreinum

1. Að nota myndavélina til að skrásetja hugtök í öllum greinum. Sé verið að vinna með hugtök í stærðfræði eins og stærri en, minni en, þríhyrningur, trapisa o.s.frv. þá er frábært að nemandinn fái hugtökin á íslensku og eigi að taka ljósmynd af því sem um ræðir. Þetta gildir um allar námsgreinar.
2. Myndband, að taka myndband og þá af sjálfum sér þar sem viðkomandi nemandi talar íslensku eða útskýrir eitthvað tiltekið á íslensku. Svona verkefni má nota í öllum námsgreinum.
3. Garageband (er í öllum spjaldtölvum). Nemandinn notar upptökubúnaðinn og tekur upp tal. Þar getur hann lesið íslenskan texta sem dæmi og þar með æft framburð. Með sama hætti getur hann æft sig í samtölum og tekið upp viðtal. Síðan skilar nemandinn hljóðskrá til kennara. Verkefnið hentar í allar námsgreinar.
4. BookCreator (smáforrit keypt af Kópavogsbæ), forritið býður uppá að búa til margmiðlunarrafbók. Þar er hægt að setja inn tal, myndbönd, einfaldar ljósmyndir, YouTube-myndbönd og texta svo eitthvað sé nefnt. Í öllum námsgreinum er hægt að virkja BookCreator. Sé nemandinn að læra um trúarbrögð getur hann því aflað heimilda og slegið inn texta, hann getur talað inn upplýsingar, hann getur tekið upp myndband og sett inn sem og hann getur nýtt myndband af YouTube til að útskýra betur viðfangið. Svona verkefni gæti verið frábært fyrsta verkefni, þ.e. að búa til rafbók um sitt eigið líf, fjölskyldu, heimaland, siði og trúarbrögð. Þannig gefst kennurum tækifæri til að skilja nemandann og setja sig betur í spor hans.
5. Google translate og snara.is. Þegar nemandi kemur í skóla Kópavogs eru til staðar tvö úrræði sem hjálpa kennurum við að koma skilaboðum til nemenda. Allir skólar Kópavogs eru nettengdir sem og opið er fyrir aðgengi að snara.is. Þessa tvo vefi ætti hiklaust að nýta til samskipta og í gengum spjaldtölvuna.

- **Quizlet** (app – hægt að nýta í tungumálakennslu og fleiri greinum)
- **Bitsboard** (app – hægt að búa til verkefni og appið býr til leiki)
- **Kahoot** <https://getkahoot.com/> og <https://kahoot.it>
- **Scribjab** (app þar sem börnin geta búið til sögur/bækur á tveimur tungumálum, með texta, myndum og hljóði)
- **coggle.it** (til að búa til hugtakakort)
- **glosbe.com** (orðabók svipuð google translate, hægt að þýða stök orð, ekki samfelldan texta en með miklu stærri gagnagrunn)
- **diki.pl** (pólsk/ensk orðabók)
- **snara.is** (íslensk orðabók á netinu sem nemendur geta flett upp í)
- Myndir og fl.
- **Quizup** (leikja-app, kennarar geta búið til spurningaleiki, Donata hefur t.d. búið til leik með 100 algengustu sagnorðunum)

Hjálpumst að!

- <http://fjolmenning.kopavogur.is/> er námsgagnabanki ætlaður til að styðja við kennara sem kenna nemendum með annað móðurmál en íslensku

- Facebook hópur – tengslanet, hugmyndamarkaður, stuðningur
Fjölmennning og íslenska sem annað mál í Kópavogi
<https://www.facebook.com/groups/194490637637149/>
- Workplace hópur – tengslanet, hugmyndamarkaður, stuðningur
Fjölmennning
<https://kopavogur.facebook.com/groups/207167593198441/>
- Deilum hugmyndum og verkefnum, senda má verkefni sem nýtast í kennslu nemenda með íslensku sem annað mál til verkefnastjóra á menntasviði Kópavogs sem sér um að vista efnið inn á vefsíðuna.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Kennarar meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti og taki mið af öllum hæfnisviðum: Skilningi (hlustun og lestri), beitingu máls (talmáli og ritun) og burðarstoðum málkerfisins (orðaforða, málfræði, framburði, stafsetningu) sem skarast á við hæfnisviðin. Kennarar fylgjast náið og reglubundið með framförum nemenda til að fullvíst sé að þeir séu að þróa íslenskufærni sína í samræmi við getu og aðstæður. Umfang og aðferðir við matið skulu þó vera í samræmi við markmið og kennslu eins og lagt hefur verið upp með í einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda.

Nokkur skjöl með hugmyndum um námsmat fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er að finna á <http://fjolmenning.kopavogur.is/grunnskolar/namsmat/>

Námsmat getur t.d. byggst á:

- Símati sem er leiðbeinandi
- Mat á því hvernig nemanda gengur að fara eftir fyrirmælum, sýna, myndskreyta, skrifa, lýsa og gera tilraunir.
- Verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra (verkefnamöppu)
- Frammistöðumati s.s. vinna við verkefni og skil á verkefnum.
- Munnlegum verkefnum jafnt út frá íslensku og móðurmáli
- Skriflegu lokaprófi þar sem við á
- Dagbókarskrifum
- Sjálfsmati

Tvítýngdir nemendur og námsmat í öllum námsgreinum:

- Nota á fjölbreytt námsmat til að koma á móts við getu hvers nemanda.
- Eðlilegt er að nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu fái lengri tíma til að leysa prófverkefni.
- Stundum er nauðsynlegt að leyfa notkun orðabóka eða orðalista í prófum.
- Gera skal skýran greinarmun á kunnáttu í íslensku og kunnáttu í námsgreinum og gæti því þurft að laga prófspurningar og leiðbeiningar að íslenskukunnáttu nemenda eða skýra þær sérstaklega í prófum, jafnvel myndrænt.
- Stundum er nauðsynlegt að nemandinn fái aðstoð við lestur á spurningum.
- Gott er að leyfa nemendum að taka munnlegt próf, og ef við á má nota móðurmálið til að koma þekkingu og færni á framfæri.

Fylgiskjöl

Á næstu blaðsíðum má finna eftirfarandi fylgiskjöl:

- 1) Gátlisti fyrir móttökuviðtal við nemanda með annað móðurmál en íslensku
- 2) Umsókn erlendra nemenda um skólavist í grunnskóla
- 3) Undanþága frá námi í erlendu tungumáli
- 4) Móttaka nemenda með annað tungumál – eftirfylgniviðtal
- 5) Aðalnámskrá grunnskóla 2011 – íslenska sem annað mál
- 6) Bæklingur – Skólavinur – upplýsingar fyrir nemendur

Gátlisti fyrir móttökuviðtal við nemanda með annað móðurmál en íslensku

Viðtal við: _____ dags: _____

Efni til að afhenda/ræða um í móttökuviðtali við nýjan erlendan nemanda	Afhent/ fjallað um
Innritun í skólann – umsóknareyðublað – sjá fylgiskjal 2	
Afhenda stundaskrá bekkjar.	
Upplýsingar um skólann, símanúmer, stjórnendur, vefsíðu, facebook-síðu, ritara, veikindatilkynningar og leyfisbeiðnir.	
Fara yfir námsgreinar og uppbyggingu kennslu.	
Ræða frímínútur.	
Ræða nestismál.	
Ræða íþróttakennslu.	
Ræða sundkennslu – mikilvægt að fá upplýsingar um hvort nemandi er syndur eða vanur sundlaugum.	
Upplýsingar um byrjendalæsi (ef það er notað í skólanum). Bæklinga á nokkrum tungumálum er að finna á Torginu.	
Kynna mentor.is; afhenda lykilorð og kenna foreldrum og nemanda lítillga á kerfið með aðstoð túlks.	
Upplýsingar um agakerfi, skólareglur og mætingareglur.	
Matseðill fyrir einn mánuð – gott að fara yfir með foreldrum svo þeir sjái hvernig matseðillinn er samsettur.	
Skráning í mótuneyti og frístund fer fram í þjónustugátt – ef foreldrar/nemandi eru ekki með íslenska kennitölu þarf að skrá þau sérstaklega og senda upplýsingar til rekstrarsviðs bæjarins og halda utan um upplýsingarnar í skólanum.	
Upplýsingar um spjaldtölvuverkefnið – handbækur fyrir foreldra á ensku og pólsku er að finna á vefsíðu verkefnisins http://spjaldtolvur.kopavogur.is/leidbeiningar/leidbeiningar-foreldrar/	
Kynna frístundir og möguleika barna á að nýta frístundastyrk.	
Ef nemandinn er í 7. bekk eða eldri er nauðsynlegt að ræða dönskunám eða undanþágu frá því (sjá fylgiskjal 3).	
Ákveða í lokin tíma fyrir eftirfylgniviðtal eftir ca. 4 – 6 vikur þar sem staðan er tekin	

Umsókn erlendra nemenda um skólavist í grunnskóla

Nafn barns	Kennitala
Nafn barns	Kennitala
Nafn barns	Kennitala
Nafn barns	Kennitala
Lögheimili	Heimasími

Móðir/forráðamaður	Kennitala	
Þjóðerni	Móðurmál	
Heimilisfang	Heimasími	Vinnusími
Netfang	GSM	

Faðir/forráðamaður	Kennitala	
Þjóðerni	Móðurmál	
Heimilisfang	Heimasími	Vinnusími
Netfang	GSM	

Hvaða ár kom nemandinn til Íslands? _____

Hvaða tungumál er talað á heimili barnsins? _____

Frá hvaða landi er nemandinn að koma? _____

Hefðir fjölskyldu sem skóli þarf að vera upplýstur um: _____

Skólaganga í heimalandi. Var nemandi í leikskóla/grunnskóla? _____

Var nemandi ánægður í skólanum? _____

Skilur eða talar nemandi önnur tungumál en móðurmál sitt? _____

Er nemandi læs? _____ á móðurmáli? _____ á öðru máli? _____

Skrifar nemandi? _____ Á móðurmáli eða öðru máli? _____

Er nemandi læs á vestrænt stafróf? _____

Á nemandi við einhverja námsörðugleika að stríða? _____

Fylgja einhverjar greiningar nemanda (námslegar/sálfræðilegar)? _____

Er nemandi með ofnæmi? _____ Ef já fyrir hverju? _____

Hefur nemandi orðið fyrir slysum/áföllum af einhverju tagi? _____

Er nemandi með einhverja sjúkdóma eða tekur lyf? _____

Sterkir þættir nemanda eða áhugamál _____

Mun nemandi nýta frístund eftir að skóla lýkur? (1.-4.bekkur) _____

Barnið á lögheimili hjá:

☐ Móður og föður

☐ Öðrum aðila/aðilum, sem er/eru:

☐ Móður

☐ Föður

Systkini: _____

Hálfsystkini/fóstursystkini:

Annað:

Dagsetning

Undirskrift, foreldri/forráðamaður

Undanþága frá námi í erlendu tungumáli

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 16. grein, er kveðið á um möguleika nemenda með íslensku sem annað tungumál til undanþágu í erlendu tungumáli. Í stað þess er kunnáttu og færni nemanda í móðurmáli metin sem hluti af tungumálakunnáttu nemandans:

„Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.“

Ég samþykki hér með að syni mínum/dóttur minni:

_____ kt. _____

verði veitt undanþága frá _____

skólaárið _____ en muni í stað þess fá tíma í

_____.

Dags. _____

Undirskrift foreldra/foreldris

Staðfesting skólastjóra

Móttaka nemenda með annað tungumál – eftirfylgniviðtal

(áhersla á skoðanir og upplifun barnsins)

Nafn nemanda: _____ Bekkur: _____

Hvernig líður þér í bekknum? _____

Hvernig fannst þér að flytja til Íslands? _____

Ert þú í sambandi við vini eða fjölskyldu í heimalandi þínu, t.d. á netinu?

Áttu vini hér sem eru frá heimalandi þínu? _____

Áttu íslenska vini? _____

Þekkir þú aðra krakka í skólanum? _____

Stundaðir þú íþróttir eða tókst þátt í tómstundastarfi í heimalandi þínu? _____

Hefur þú áhuga á að taka þátt í íþróttum eða tómstundastarfi hér? _____

Hefur þú áhuga á að taka þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar? _____

Hefur þú farið í sund? Já _____ nei _____

Hefur þú lært að synda? Já _____ nei _____

Finnst þér gaman í skólasundi? Já _____ nei _____

Finnst þér gaman í íþróttum? Já _____ nei _____

Hefur þú notað strætó? Já _____ nei _____

Finnst þér gaman í frístund? Já _____ nei _____

Hver eru áhugamál þín? _____

Finnst þér gaman að lesa? _____

Lestu mikið á móðurmáli þínu eða íslensku? _____

Hefur þú heimsótt bókasafn Kópavogs? _____

Annað sem nemendur / foreldrar vilja að komi fram _____

Dags: _____ Viðtalið sátu: umsjónarkennari ____ foreldrar ____ námsráðgjafi ____ túlkur ____

Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti 2011 – Greinasvið 2013

19.3 ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

Það er mikilvægt viðfangsefni að bæta Íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en Íslensku að móðurmáli. Hæfni í Íslensku er meginforsenda þess að þeir verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á almennt nám í Íslenskum skólum. Hér er um krefjandi verk að ræða. Uppruni nemendanna er mjög mismunandi. Mál sumra er ef til vill af sömu ætt og Íslenska og kunnugt mörgum kennurum, svo sem enska, þýska og norræn mál. Móðurmál þeirra getur orðið góður stuðningur í kennslu og námi þar sem unnt er að útskýra ýmislegt í Íslenskunáminu með skírskotun til móðurmáls þeirra. Aðrir nemendur hafa alls óskylt mál að móðurmáli og jafnvel annað leturkerfi. Mörg börn eiga foreldra sem hafa sama móðurmál og barnið en einnig er um það að ræða að ekki hafi báðir foreldrar sama móðurmál og í sumum tilvikum er annað foreldri með Íslensku að móðurmáli. Það getur haft áhrif á máluppeldi barnsins og samband heimilis og skóla. Þetta skiptir máli við máltöku nýs máls ásamt stöðu þessara barna í námi, menningarlegan mismun og menntun foreldra. Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við Íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en Íslensku.

Astæða er til að minnast á börn sem hafa Íslensku að móðurmáli en hafa dvalið í útlöndum þorra ævinnar. Skólamál þeirra og mál utan heimilis hefur því verið annað en Íslenska. Þessir nemendur þurfa oft talsverða aðstoð í skólum þó svo að það sé ekki ljóst í byrjun.

Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en Íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því. Það er ávinningur fyrir hvern mann að hafa vald á fleiri en einu tungumáli og dýrmætt fyrir þjóðfélagið. Sterkt móðurmál styrkir fjölskyldubönd og tengsl við menningarlega arfleifð. Því er afar mikilvægt að foreldrum sé gerð grein fyrir mikilvægi móðurmálsins fyrir nemandann og þeir hvattir og studdir til að sinna máluppeldi á heimilinu sem felst í að rækta móðurmál hans. Sjálfsagt er að skóli og foreldrar leiti stuðnings hjá þeim sem geta veitt aðstoð, svo sem hjá stofnunum og einstaklingum sem hafa þekkingu á máltöku annars máls og fjölmenningu. Starf af þessu tagi kemur einnig námi í Íslensku til góða og stuðlar að virku tvítyngi.

Í grunnskólalögum (16.gr.) er kveðið á um að skólar skuli taka á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en Íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Í sömu grein segir að grunnskólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en Íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli. Mikilvægt er að bjóða nemendum kennslu í eigin máli

þar sem þeir eiga þess kost að læra um mál, bókmenntir og menningu og fá þjálfun í málnotkun.

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig þarf að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og stöðu í námi. Áföngunum er hér skipt niður í stig sem miðast við hæfni í íslensku við lok hvers stigs. Í fyrsta lagi er miðað við byrjendur, svo lengra komna og síðan lengst komna. Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri. Hvað málfræði áhrærir má velja viðmið úr hæfniviðmiðum um málfræði þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli.

Mikilvægt er að nemendur með annað mál en íslensku þrói með sér læsi, lestur og ritun, líkt og lagt er til um aðra nemendur. Það er einnig brýnt að þeir fylgi skólafélögum í námi í öðrum greinum skólans og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Íslenskunámið, og þar með talið læsi, á að vera samtvinnuð námi á öllum námssviðum skólans.

Leggja ber áherslu á öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla. Þetta er mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla og fjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda á virku tvítyngi.

19.4 Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál

Hæfniviðmið í íslensku sem öðru tungumáli eru sett fram í þremur flokkum, þ.e. lestur, bókmenntir og ritun. Í heildina sýnir taflan þá hæfni sem hver einstaklingur skal búa yfir sem byrjandi í náminu, lengra kominn og lengst kominn. Ástæða þess að viðmiðin eru sett fram með þessum hætti er að nemendur hefja nám í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla og því er ekki hægt að setja sérstök aldurstengt viðmið.

Lestur, bókmenntir og ritun

Nemandi sem er byrjandi getur:	Nemandi sem er lengra kominn getur:	Nemandi sem er lengst kominn getur:
• lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur, • lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum, • notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð, • beitt einföldum reglum um stafsetningu, • skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð, • skráð athugasemdir og niðurstöður, t.d. í samstarfshópi.	• lesið einfalda texta reiprennandi sér til gagns og ánægju, svo sem stuttar sögur og umfjöllun um áhugavert efni, og tjáð sig um efni þeirra, • lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir og bókmenntir á móðurmáli sínu, túlkað þær og tjáð sig um þær, • stafsett nokkuð rétt létta texta og nýtt sér nokkrar meginreglur stafsetningar, • skrifað sögu eða greinargerð á skiljanlegu máli. Tjáð hugsanir sínar og reynslu í rituðu máli og miðlað til skólafélaga, • tekið virkan þátt í samvinnu með skólafélögum og lagt sitt lóð á vogarskálar við lausn verkefna sem krefjast umræðu, lestrar og ritunar, • notað aðgengileg gögn sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn.	• valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku og nýtt fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd, • valið sér bókmenntir, á íslensku og á móðurmáli sínu sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notið, • stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings, • dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta, • skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stil og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni, • nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju.

SKÓLAVINUR

Hefur það mikilvæga hlutverk að taka vel á móti nýja bekkjarfélaganum fyrsta daginn hans

[setjið inn lógó skólans hér]

Nafn: _____

Bekkur: _____

Dagsetning: _____

Hvað einkennir góðan Skólavin?

- ✓ *Skólavinur* er sérstakt heiti fyrir þann sem hefur það mikilvæga verkefni að taka vel á móti nýjum nemendum svo þeim finnist þeir velkomnir í bekkinn og skólann.
- ✓ Það er á ábyrgð allra að nýir nemendur upplifi sig velkomna en það er þó sérstakir hlutir sem *Skólavinir* geta gert.
- ✓ *Skólavinur* getur orðið vinur nýja nemandans en að vera *Skólavinur* þýðir ekki að maður verði að vera besti vinur hans.
- ✓ Að vera *Skólavinur* er mikilvægt verkefni. Kennarinn þinn hefur sagt þér hvernig þú getur gert það vel. Ef það er eitthvað sem þú ert óviss um getur þú alltaf leitað til kennarans þíns.

Móttaka nýs bekkjarfélaga:

Áður en nýi nemandinn byrjar hefur kennarinn þinn undirbúið og hakað við eftirfarandi þætti:

- ☐ Sagt bekknum frá því að nýr nemandi byrji brátt í bekknum
- ☐ Sett nafnaskilti upp í bekkinn og við snaga nýja nemandans
- ☐ Tekið til bækur og námsgögn fyrir nýja nemandann
- ☐ Ákveðið hvar nýi nemandinn á að sitja og hver mun sitja hjá honum
- ☐ Kannað hvort það eru fleiri nemendur í bekknum/skólanum sem talar sama mál og nýi nemandinn.
- ☐ Ákveðið hver á að vera með nýja nemandanum í frímínútum
- ☐ Ákveðið hvenær þú átt að sýna nýja bekkjarféлага þínum skólann.

SKÓLAVINUR

Næstu tvær vikurnar er mikilvægt að þú hugir vel að hlutverki þínu sem *Skólavinur*.

Verkefni þín eru eftirfarandi:

- ☐ Að bjóða nýja bekkjarfélagan þinn velkominn fyrsta daginn.
- ☐ Fara með nýja nemandanum til annarra kennara sem kenna bekknum og kynna þá.
- ☐ Að sýna nýja nemandanum fatahengið og hvar hann getur geymt hlutina sína.
- ☐ Að sýna nýja nemandanum hvar klósettin eru.
- ☐ Að fara með nýja nemandanum í kynnisferð um skólann.
- ☐ Að vera með nýja nemandanum í frímínútum.
- ☐ Að kynna nýja nemandann fyrir öðrum nemendum skólans
- ☐ Að sýna nýja nemandanum hvar námsráðgjafinn og hjúkrunarfræðingurinn eru.
- ☐ Að finna út hvert í hvaða tungumáli nýi nemandinn er sterkastur í og athuga hvort það eru fleiri nemendur í skólanum sem tala það mál.

Hakaðu við verkefnin þegar þú hefur leyst þau.

Á hvaða annan hátt hefur þú verið góður skólavinur? Skrifaðu það hér fyrir neðan:
